

**Nd.**

**148. Frumvarp til laga**

**[115. mál]**

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

**1. gr.**

Síðasti málsliður 4. gr. falli niður.

**2. gr.**

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lög-  
birtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða  
firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær  
það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.
2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjunni er annars svo háttáð, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða sölu-  
aðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins  
þjóðhagslega óhagkvæma.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsgr. 3. gr.  
og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á.

**3. gr.**

12. gr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuleyfi sínu eða hvort  
starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, og er honum  
þá rétt að bera málið undir dómstóla.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr.  
18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, ásamt áður áorðnum breytingum, og gefa þau lög  
út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur það að markmiði með svipuðum hætti og frumvarp það til laga um breyting á lögum um verzlunaratvinnu, sem lagt hefur verið samtímis fyrir Alþingi, að efla aðstöðu stjórnvalda til aðhalds um það, hverjir stundað geti iðju hér á landi.

Samkvæmt 7. gr. gildandi laga um iðju og iðnað nr. 18/1927 veitir lögreglustjóri iðjuleyfi, en ákvörðun um veitingu leyfis heyrir þó undir ráðherra, ef skilyrði eftir 1.—3. tölul. 7. gr. eru fyrir hendi. Ákvæði frv. eru á því byggð, að fyrirkomulag þetta haldist óbreytt í aðalatriðum, en rýmkað verði nokkuð um heimild ráðherra til að meta, hvort veita beri leyfi eða synja um það. Þannig hefur frv. að geyma ýtarlegri lýsingu á þeim ástæðum, sem valdið geta því, að veiting leyfis megi teljast varhuga-verð, sbr. 3. tölul. 3. málgr. 2. gr. frv., og felld eru brott þau ákvæði gildandi laga, sem heimila umsækjendum að bera synjun um leyfi undir úrskurð dómstóla, sbr. 3. gr. frv. Þá er og rýmkað nokkuð um heimild ráðherra til að veita undanþágu frá tilteknum skilyrðum laganna, er sérstaklega stendur á, sbr. aths. um 1. gr. frv., en sú heimild hefur verið í lögnum frá öndverðu.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 18/1927 er aðstaða til iðjurekstrar aðallega háð skilyrðum þeim, sem talin eru í 3. og 4. gr. laganna. Með síðasta málslið 4. gr. var ráðherra heimilað að veita undanþágu frá nokkrum þessara skilyrða. Lagt er til, að ákvæði þetta verði framvegis í 7. gr. laganna, er fjallar um veitingu leyfa, sbr. 2. gr. frv. Jafnframt verði heimildin látin taka til nokkru fleiri atvika en áður var.

Um 2. gr.

Um efni þessarar greinar hefur þegar verið rætt hér að framan. Gerir hún ráð fyrir því, að orðalagi 7. gr. laganna verði breytt í líkingu við það, sem lagt er til um 10. gr. laga nr. 41/1968 um verzlunaratvinnu með áðurnefndu frv. um breyting á þeim lögum.

Um 3. gr.

Lagt er til, að ákvæði í 12. gr. laganna um málshöfðun verði einskorðuð við ágreining, sem verða kann milli yfirvalda og leyfishafa út af meðferð hans á áður veittu leyfi.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.